

Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2020

Efni: umsögn um nýtt starfsleyfi CreditInfo

Frá því að kröfuhafar fóru að nota lánshæfismat CreditInfo í auknum mæli við lánveitingu hefur fyrirspurnum til embættis umboðsmanns skuldara (UMS) fjölgað verulega frá einstaklingum þar sem óskað er skýringa og upplýsinga um lánshæfismatið. Auk þess hefur UMS fengið í gegnum tíðina mikið af fyrirspurnum um vanskilaskrá CreditInfo og hvernig hún virkar. Þeir einstaklingar sem leita til UMS vísa flestir til þess að erfiðlega hafi gengið að fá svör og útskýringar frá CreditInfo og jafnvel að engin svör hafi borist. Þannig þykir einstaklingum almennt skorta upplýsingar um af hverju lánshæfismat þeirra sé með ákveðum hætti og hvað þurfi að koma til svo viðkomandi geti hækkað lánshæfismat sitt. Hér er um að ræða upplýsingar sem skipta gríðarlega miklu máli fyrir einstaklinga í ljósi þess að kröfuhafar, bankar, Lífeyrissjóðir og fleiri aðilar styðjast við lánshæfismat CreditInfo við ákvörðun á lánshæfi einstaklinga og þ.a.l. ákvarðanir um hvort viðkomandi geti t.d. keypt fasteign eða ekki. Skiptir því miklu máli að einstaklingar fái skýr svör og upplýsingar um sitt lánshæfismat hjá CreditInfo. UMS fagnar því að verið sé að endurskoða starfsleyfi CreditInfo og bendir á mikilvægi þess í ljósi þeirra gríðarmiklu hagsmunu sem geta verið í húfi hjá einstaklingum að bætt sé úr upplýsingaflæði til einstaklinga bæði varðandi vanskilaskrá og lánshæfismat.

Ákvæði 2.1 Almennt um heimila vinnslu

UMS gerir athugasemd við að ákvæði úr eldra starfsleyfi þar sem fram kemur að óheimilt sé að vinna upplýsingar um greiðsluaðlögun þegar greiðsluaðlögunartímabili sé lokið sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga (lge) hafi verið fellt brott og óskar eftir að ákvæðinu verði bætt inn að nýju.

Í athugasemdum í greinargerð með 1. gr. lge. segir að markmið með greiðsluaðlögun sé að gera fólk i greiðsluvanda kleift að ná tökum á fjármálum sínum og byrja upp á nýtt. Greiðsluaðlögun er ætlað að gefa einstaklingum kost á því að endurskipuleggja fjármál sín og aðlagta skuldir að greiðslugetu þannig að raunhæft sé að ætla að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar. Í athugasemdum í greinargerð við 16. gr. lge. segir jafnframt að lengd greiðsluaðlögunar skuli vera 1- 3 ár og er þar lögð áherslu á að lengd tímabils sé ekki of íþyngjandi m.t.t. fjölskyldustærðar og aðstæðna. Þar segir jafnframt: að greiðsluaðlögunartímabili loknu er gert ráð fyrir því að tekist hafi að endurskipuleggja fjárhag skuldara.

Með vísan til ofangreindra atriða verður að telja að með því að fella út ákvæði um að óheimilt sé að vinna upplýsingar um greiðsluaðlögun að samningstíma loknum fari þvert gegn markmiði og tilgangi lge. um að endurskipuleggja fjárhag einstaklinga.

Ákvæði 2.1.1 – 6. tl. Upplýsingar úr opinberum gögnum

Í 6. tl. greinar 2.1.1 í drögum að starfsleyfi CreditInfo segir að CreditInfo hafi heimild til þess að safna upplýsingum um innköllun til lánardrottna vegna umsókna um greiðsluaðlögun sem birtar hafa verið í

Lögbirtingablaðinu samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga. UMS leggst gegn því að þessu ákvæði verði bætt við starfsleyfi CreditInfo og leggur til að þetta ákvæði verði fellt út.

Á grundvelli núgildandi starfsleyfis hefur CreditInfo skráð athugasemd um innköllun í Lögbirtingablað í kjölfar samþykkis á umsókn í greiðsluaðlögun. Í framkvæmd hefur sú skráning haft verulega íþyngjandi áhrif á þá einstaklinga sem til UMS leita. Hafa ber í huga að samþykki á umsókn um greiðsluaðlögun felur eingöngu í sér heimild til þess að leita samninga við kröfuhafa um greiðsluaðlögun og er sú skráning því mjög ólík t.d. innköllun vegna gjaldþrotaskipta. Samþykki á umsókn í greiðsluaðlögun segir þannig í raun hvorki til um það hvort samningur muni komast á né heldur hver möguleg útkoma í frjálsum samningum við kröfuhafa kunni að verða. Hér er mikilvægt að hafa í huga að markmið lge. skv. 1. gr. er að koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar. Skráningin segir jafnframt ekkert til um hvort viðkomandi hafi verið í vanskilum eða muni koma til með að vera í vanskilum. Einstaklingar leita til UMS af margvíslegum ástæðum og alls ekki allir eru í vanskilum eða eru á vanskilaskrá þegar þeir leita til UMS. Margir þeirra einstaklinga sem fá samþykki í greiðsluaðlögun þurfa t.d. eingöngu á greiðslufresti að halda vegna tímabundinna aðstæðna. Jafnframt eru mörg dæmi um einstaklinga sem semja í gegnum greiðsluaðlögun um uppgreiðslu á kröfum sínum á tímabili greiðsluaðlögunar. Í þessum tilvikum er því ekki um neina eftirgjöf á kröfum að ræða heldur samninga um að umsækjandi greiði seinna eða jafnvel greiði upp kröfur sínar. Ekki ósvipað ef viðkomandi hefði fengið greiðslufrest í gegnum bankann sinn. Skýtur það því verulega skökku við að sá einstaklingur sé með lækkað lánshæfismat og skráningu í CreditInfo eingöngu vegna þess að hann fékk aðstoð hjá UMS í gegnum greiðsluaðlögun. Greiðsluaðlögun getur jafnframt lokið með því að viðkomandi afturkallar umsókn sína þar sem aðstæður hafa breyst og sá aðili situr jafnframt uppi með skráningu hjá CreditInfo.

Að lokum ber að nefna að mörg dæmi eru um að einstaklingar hafi hætt við að leita til UMS vegna mögulegrar skráningar í CreditInfo í kjölfar innköllunar í Lögbirtingablað vegna samþykkis á umsókn. Á það sérstaklega við einstaklinga sem eru í skilum og ennþá með gott lánshæfismat en þurfa engu að síður á tímabundinni aðstoð að halda, t.d. í formi greiðslufrests. Að mati UMS fer það þvert gegn tilgangi laga um greiðsluaðlögun einstaklinga að fæla fólk frá því að sækja um úrræði sem það þarf að halda eingöngu vegna skráningar hjá einkafyrirtæki á innköllun í Lögbirtingablað.

UMS veltir líka fyrir sér hver tilgangurinn sé með söfnun á þessum upplýsingum, skv. 4. mgr. 10. gr. lge. fá þekktir kröfuhafar ávallt sent afrit af innköllun í Lögbirtingablaði og eru því vel upplýstir um framgang og stöðu máls.

Með vísan til alls ofangreinds leggur UMS því til að ákvæði í 6. tl. greinar 2.1.1. í drögum að starfsleyfi CreditInfo verði fellt út.

Ákvæði 2.2.2 – 6. tl. Upplýsingar frá áskrifendum

Í 6. tl. greinar 2.2.2 í drögum að starfsleyfi CreditInfo segir að safna megi frá áskrifendum upplýsingum ef fyrir liggi sannanlega vanefndur nauðasamningur, samningur eða nauðasamningur til greiðsluaðlögunar sem skuldari hefur gert og áskrifandi er aðili að. UMS leggur til að þetta ákvæði verði fellt út.

Í VII. kafl lge. er fjallað um breytingar á samningum á tímabili greiðsluaðlögun. Í 25. og 26. gr. lge. er sérstaklega tekið á því ef upp koma vanefndir af hálfu skuldara á tímabili greiðsluaðlögunar. Þannig geta kröfuhafar farið fram á riftun á samningi séu um veruleg vanskil að ræða hjá skuldara. Í 24. gr. lge. er jafnframt fjallað um að skuldari sjálfur getur óskað eftir breytingu á samningi ef upp koma aðstæður sem veikja getu hans til að standa við samning. Skuldari getur þannig náð frjálsum samningum við sína

kröfuhafa um breytingu á samningi. Í framkvæmd hafa slík breytingarmál gengið vel og hafa skuldarar yfirleitt náð að semja við sína kröfuhafa um breytingu á samningi.

Í ákvæðinu segir að það þurfí að liggja fyrir sannanlega vanefndur samningur við kröfuhafa svo hægt sé að óska eftir skráningu á vanskilaskrá. UMS veltir fyrir sér hvernig CreditInfo ætlar að fá staðfestingu á slíkum vanefndum og hvað þýði í raun og veru að samningurinn sé sannanlega vanefndur. Í framkvæmd er það svo að greiðslumiðlunarbanki sér um að miðla greiðslum til annarra kröfuhafa skv. samningi um greiðslaðlögun. Hver og einn kröfuhafa hefur þ.a.l. ekki upplýsingar um hvort samningurinn sé heilt yfir í vanskilum eða bara gagnvart sér. Jafnframt hafa kröfuhafar ávallt heimild til þess að senda greiðsluáskorun vegna vanefnda á sinni kröfu og því bætir þetta ákvæði í raun og veru engu við núgildandi ákvæði í lge. og heimild kröfuhafa til að innheimta kröfu sína. UMS leggur því til að þetta ákvæði verði fellt út.

Ákvæði 5.3 Afskráning og eyðing upplýsinga.

Í ákvæði 5.3. segir að fjárhagsupplýsingastofa skuli afskrá upplýsingar um greiðslaðlögun þegar greiðslaðlögunartímabili, sbr. 2.mgr. 16. gr. laga nr. 101/2010 um greiðslaðlögun einstaklinga, er lokið.

Þegar samningur um greiðslaðlögun kemst á teljast allar kröfur skulda í skilum þar sem búið er að semja um þær. Samningur er í kjölfarið sendur öllum þekktum lánardrottnum skulda, sbr. 5. mgr. 17. gr. lge. Í lögunum er ekki gert ráð fyrir frekari birtingu eða opinberri skráningu á efni samnings eða tímabili. Hafi einstaklingur haldið eftir veðsettum eignum á meðan á greiðslaðlögunartímabili stendur er þó skráð athugasemd þar um í þinglýsingabækur sbr. 4. mgr. 28. gr. lge.

Umboðsmaður skulda hefur ekki heimild skv. lge. til að miðla frekar upplýsingum það hvort samningur hefur komist á í tilteknu máli né heldur hvert efni samningsins kann að vera.

Í þeim tilfellum þar sem umsækjandi um greiðslaðlögun hefur verið á vanskilaskrá áður en samningur komst á er upplýsingum miðlað til CreditInfo þar um með sérstöku samþykki umsækjanda í því skyni að fá skráningu á vanskilaskrá fellda út.

Ákvæðið hér að ofan gerir ráð fyrir að upplýsingar um greiðslaðlögun skuli afskráðar þegar greiðslaðlögunartímabili lýkur. Eins og fram kemur hér að ofan eru upplýsingar um að samningur hafi komist á og hvert efni hans er ekki birtar opinberlega og UMS hefur ekki heimild til að miðla þeim upplýsingum. UMS leggur til að ákvæði þetta verði fellt brott og áréttar verði að ekki sé heimilt fyrir CreditInfo að skrá einstaklinga á vanskilaskrá meðan á tímabili greiðslaðlögunar stendur enda teljast allar kröfur skulda í skilum þegar búið er að semja um þær með samningi til greiðslaðlögunar.

UMS bendir jafnframt á að í framkvæmd virðist því ekki alltaf vera fylgt að skráningar séu teknar af vanskilaskrá CreditInfo eftir 4 ár. Mikilvægt er að þessu ákvæði sé fylgt eftir af hálfu CreditInfo þar sem dæmi eru um að skráning hangi inni á fyrndum kröfum en slíkt getur verið verulega hamlandi og íþyngjandi fyrir einstaklinga.

Niðurlag

Að endingu vill UMS vekja athygli á að lög um greiðslaðlögun einstaklinga voru ekki eingöngu sett á laggirnar sem úrræði vegna skuldavanda í kjölfar efnhagshrunsins. Í greinargerð með lögunum segir m.a að markmið greiðslaðlögunar sé að einstaklingar sem þurfi á aðstoð að halda vegna skuldsetningar nýti sér úrræði greiðslaðlögunar frekar en hefðbundnar leiðir skuldaskilaréttar. Í lögum um greiðslaðlögun einstaklinga kemur skyrt fram í hvaða tilgangi heimilt sé að skrá og halda utan um upplýsingar vegna greiðslaðlögunar. Í 3. mgr. 28. gr. lge segir að þegar greiðslaðlögunartímabil er liðið skulu yfirvöld



Umboðsmaður
skuldara

Kringlunni 1
103 Reykjavík
ums@ums.is
www.ums.is
Sími 512 6600 / 800 6600

og eftirlitsaðilar einungis nota upplýsingar um greiðsluaðlögun skuldara til að kanna hvort skuldari hafi áður fengið greiðsluaðlögun í samræmi við lög þessi. Af umfjöllun í greinargerð og ákvæðum laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er þannig alveg ljóst að ekki var ætlunin að upplýsingar tengdar greiðsluaðlögun yrðu skráðar í vanskilskrá eða safnað með þeim hætti að áhrif hafi á lánshæfi einstaklinga um ákveðin tíma.

Virðingarfyllst,

Ásta S. Helgadóttir

Ásta S. Helgadóttir, umboðsmaður skuldara